

ERINDISBRÉF

Fyrir starfshóp um þróun upplýsingatækni í skólastarfi í leikskólum Hafnarfjarðar samþykkt fræðsluráðs frá 28. október sl.

Samþykkt var „að tveir starfshópar með fulltrúum Skólaskrifstofu og stjórnenda leik- og grunnskóla geri tillögu um stefnumótun er lýtur að því hvernig staðið skuli að þróun og nýtingu upplýsingatækni við kennslu í leikskólum annars vegar og grunnskólum hins vegar. Stefnt verði að því að innan þriggja ára verði skólar í Hafnarfirði í fremstu röð á þessu sviði.“

1. Skipan starfshópsins

Fulltrúar Skólaskrifstofu:	<i>(skipaðir af sviðsstjóra)</i>
Sigurborg Kristjánsdóttir	þróunarfulltrúi leikskóla, formaður
Hanna H. Leifsdóttir	sérkennsluráðgjafi leikskóla
Fulltrúar leikskóla:	
Anna Vala Arnardóttir	deildarstjóri Brekkuhvammi
Árdís Grétarsdóttir	leikskólastjóri Víðivöllum
Eva Dögg Gylfadóttir	sérkennslustjóri Hvammi

2. Hlutverk

Meginverkefni starfshópsins er að gera tillögu um þróun í upplýsingatækni í leikskólastarfi í Hafnarfirði, með áherslu á næstu skref sem miði að því að Hafnarfjörður verði í fremstu röð á næstu árum í notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Í því felst meðal annars:

- Að setja fram grunnsýn um notkun upplýsingatækni sem verði leiðarljós (til næstu ára) fyrir notkun hennar á kennslufræðilegum forsendum í skólastarfinu í Hafnarfirði.
- Að setja fram verkáætlun til nokkurra ára og gera tillögu um næstu skref í uppbyggingu tölvu- og annars tækjabúnaðar fyrir skólastarfið í ljósi tækninýjunga, aðalnámskrár leikskóla og nýjunga í kennslufræði þeim tengd.

3. Tímamörk

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn hefji nú þegar störf og skili tillögum í janúar 2014.

Hafnarfirði 15. nóvember 2013


Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðsluþjónustu

